

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 247/1994.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Hreggviði Steini Hendrikssyni og

Rúnari Hreggviðssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Fuglaveiðar. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærðu áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar í heild sinni, og krefjast þeir sýknu af öllum kröfum ákærvalds. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1994 til refsí-
ákvörðunar.

I.

Í ákæru er ákærðu gert að sök „að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sunnudaginn . . . 25. október 1992“. Verknaðarlýsing þessi er ekki skýr. Skilja verður hana þó svo, að ákært sé fyrir til-
raun til fuglaveiða í Geitlandi. Þrátt fyrir þennan annmarka á ákæru þykir ekki eiga að vísa málinu frá dómi, enda hefur vörn ekki verið áfátt vegna hans.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fugla-
friðun, sem í gildi voru á þeim tíma, er ætlað brot ákærðu var fram-
ið, var landeiganda einum heimil fuglaveiði í landareign sinni, nema
lög mæltu fyrir á annan veg, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994 um
vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 heimiluðu hins vegar öllum ís-
lenskum ríkisborgurum fuglaveiði í afréttum og almenningum utan
landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til
þeirra, sbr. nú 1. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.

Ákvæði sama efnis voru í 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. eldri laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 63/1954. Í athugasemdum við frumvarp að þeim lögum var sérstaklega á það bent, að með orðinu „eignarréttur“ í 2. mgr. 5. gr. hefði einungis verið átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Landareign í skilningi 2. gr. laga nr. 33/1966 verður samkvæmt þessu að vera háð beinum eignarrétti, sbr. nú orðskýringu 1. gr. laga nr. 64/1994.

III.

Þess er getið í Landnámu, að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Óvíst er þó, hvort það landsvæði sé hið sama og nú ber þetta nafn. Þannig segir svo í staðfestu endurriti úr Landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu um landamerki Geitlands, sem lesin voru upp á manntalsþingi á Auðsstöðum 7. júní 1898: „Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár, að undanteknu Torfabæli.“

Af Reykholtsmáldaga má sjá, að Geitland komst í eigu Reykholtskirkju, en elsti hluti hans er frá 12. öld. Ekki er ljóst af máldaganum, hvenær Geitland komst í eigu kirkjunnar, en í honum er sagt, að kirkjan eigi „geitland með scoge“. Kemur þetta einnig fram í uppskrift Vilchinsmáldaga frá 17. öld og vísitasíu Steingríms Jónssonar biskups frá 31. júlí 1827.

Í afsali ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum til Hálsahrepps fyrir Geitlandi, sem talið er frá 27. maí 1926, segir meðal annars svo: „Að með því að hreppsnefnd Hálsahrepps í Borgarfjarðarsýslu hefir leitað kaups á afrjettarlandinu Geitlandi, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu þessarar jarðar að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvbr. 1907 um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel jeg og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mjer er gefin í nefndum lögum, fyrir landsjóðsins hönd, nefndum Hálsahreppi greint afrjettarland Geitland, sem er hndr. að n.m., með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, sem og vatnsafl alt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar.“

Ljóst er af endurriti úr fasteignabók, að árið 1975 er þinglýst samningi frá 1. október 1974 milli Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps annars vegar og Landgræðslu ríkisins hins vegar, en ekki er

fram komið, hvenær fyrrgreindur hreppur varð meðeigandi að Geitlandi.

IV.

Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í þeim heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar af rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þess verður einnig að gæta, að ekki verður ráðið af afsalinu, hvort Geitland telst þar afréttur eða eignarland. Þá verður ekki heldur ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtisdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarrétt eða önnur afnotaréttindi.

Þar sem vafi leikur á um það, hvernig eignarrétti Hálsahrepps og Reykholtisdalshrepps að hinu umdeilda landi er háttað, ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að sýkna ákærðu af tilraun til brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 41. gr. sömu laga, sbr. 33. gr. laga nr. 116/1990, sbr. nú 2. mgr. 8. gr. laga nr. 64/1994.

Samkvæmt 5. tl. 4. gr. auglýsingar nr. 283/1988 um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði frá 3. júní 1988 er óheimilt að trufla dýralíf í hinu friðlýsta landi. Við meðferð málsins í héraði féll ákærvaldið frá kröfum á hendur ákærðu vegna brots gegn auglýsingu þessari og 24. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Koma þessi lagaákvæði því ekki til álita í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hreggviður Steinn Hendriksson og Rúnar Hreggviðsson, skulu vera sýknir af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 21. mars 1994.

Ár 1994, mánudaginn 21. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-89 og 90/1993: Ákærvaldið gegn Hreggviði Hendrikssyni og Rúnari Hreggviðssyni, sem tekið var til dóms 3. mars sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali sýslumannsins í Borgarnesi, dagsettu 1. desember 1993, á hendur ákærðu, Hreggviði Hendrikssyni, kennitala 190237-4949, Esjubraut 28, Akranesi, og Rúnari Hreggviðssyni, kennitala 140762-3859, Esjubraut 28, Akranesi. Dómarinn fékk málið til meðferðar 1. desember sl. og gaf út fyrirköll í því 6. desember. Var málið þingfest 4. janúar sl. Aðalmeðferð málsins hafði verið ákveðin 9. febrúar sl., en henni varð að fresta vegna veikinda dómarans.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að ætla til fuglaveiða í Geitlandi, Borgarfirði, sem er friðland, sunnudaginn 25. október 1992.

Telst þetta varða við 1. tölulið 2. gr., sbr. 37. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966 og 24. gr., sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, sbr. auglýsingu nr. 283/1988.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Í meðferð málsins féll sækjandi þess frá því, að háttsemi ákærðu varðaði við 24. gr., sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd, sbr. auglýsingu nr. 283/1988.

Niðurstaða.

Dómurinn telur í ljós leitt með eigin játningu ákærðu, að þeir hafi ætlað til rjúpnaveiða í Hafrafelli, sem er hluti Geitlands í Borgarfirði og liggur á milli Hvítár og Geitár, 25. október 1992. Ákærðu náðu ekki að skjóta fugl í ferð sinni vegna veðurs samkvæmt eigin framburði, og eru þeir ákærðir fyrir tilraun til brots á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Verði fallist á það, að landsvæðið Geitland sé landareign Hálsa- og Reykholtaldshreppa í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, hafa ákærðu gerst sekir um tilraun til brots á nefndri lagagrein, sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1991.

Af þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu og varða eignarhald á Geitlandi, má ráða, að Geitland hafi verið numið og fljótlega eftir landnám

hafi það komist í eigu kirkjunnar. Af gögnum málsins verður þó ekki ráðið, hvernig Geitland hefur komist í eigu kirkjunnar. Verður ekki annað séð en Geitland hafi síðan verið í eigu kirkjunnar, þar til ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum afsalaði því Hálsahreppi árið 1926. Það afsal byggðist á lögum nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða, en með þeim lögum var ráðherra m. a. heimilað að selja kirkjujarðir, er voru í eyði, þeim, sem tæki jörðina til eigin nytja, þótt viðkomandi tæki þar ekki aðsetur. Ekki þykir hafa þýðingu við úrlausn þessa máls, þótt Geitland sé nefnt afréttarland í afsalinu frá 1926, enda getur þýðing þess hugtaks verið mismunandi, og það eitt og sér getur ekki sagt til um, hvernig eignarhaldi á landi er háttað. Ekki hefur verið upplýst, hvernig Reykholtssdalshreppur varð meðeigandi Hálsahrepps að Geitlandi einhvern tíma eftir 1926, en ekki er ágreiningur á milli nefndra sveitarfélaga um eignarhald á Geitlandi. Með vísan til þessa telur dómurinn, að landsvæðið Geitland sé landareign í eigu Hálsa- og Reykholtssdalshreppa í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Sveitarfélögin voru því til þess bær að ákveða, hverjum væri heimilt að stunda fuglaveiðar á svæðinu, sbr. tilvitnaða lagagrein. Höfðu sveitarfélögin bannað alla skotveiði á svæðinu með einhverjum undantekningum, er vörðuð heimamenn. Hafði bannið m. a. verið auglýst með uppsetningu á skilti, áður en komið var á landsvæðið, svo og höfðu sveitarstjórnirnar fengið Snorra Jóhannesson bónda til að fylgjast með því, að bannið væri virt. Er ákærðu voru á leið til veiða 25. október 1992, hittu þeir Snorra, er gerði þeim grein fyrir umræddu banni. Hafi ákærðu talið sér heimilt að veiða á svæðinu, er þeir héldu til veiða umræddan dag, var ástæða fyrir þá að athuga sérstaklega um það, eftir að þeir hittu nefndan Snorra. Þeir gerðu það hins vegar ekki og breyttu ekki fyrirætlan sinni.

Með háttsemi sinni hafa ákærðu, eins og henni er lýst í ákæru, því gerst sekir um tilraun til brots gegn 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hreggviðar gekkst hann undir sátt árið 1958 fyrir umferðarlagabrot og var dæmdur í 10 daga varðhald árið 1973, sömuleiðis fyrir umferðarlagabrot.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Rúnars hefur hann árin frá 1979 til 1993 fjórum sinnum gengist undir sátt, fyrir brot á hegningarlögum árið 1979 og 1982, en fyrir brot á umferðar- og áfengislögum árin 1980 og 1993. Árið 1980 hlaut ákærði Rúnar dóm fyrir brot á umferðar- og áfengislögum og almennum hegningarlögum.

Refsingar.

Báðir ákærðu, Hreggviður og Rúnar, hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Með vísan til atvika málsins þykir mega ákveða, að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærðu, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda beggja ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 50.000 krónur.

Mál þetta flutti af ákæruvaldsins hálfu Runólfur Ágústsson, fulltrúi sýslumannsins í Borgarnesi.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu beggja ákærðu, Hreggviðar Hendrikssonar og Rúnars Hreggviðssonar, skal fresta og niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 50.000 krónur.
